

Stjórnarfundur í FUM var haldinn mánudaginn 5. september kl. 16:30 í fundarherbergi Félagsvísindadeildar í Odda.

Mætt voru: Guðný Guðbjörnsdóttir, Hafþór Guðjónsson, Jóhanna Rósa Arnardóttir, Ragnar F. Ólafsson, Þórdís Þórðardóttir og Kristjana Stella Blöndal, sem ritaði fundargerð.

Á fundinum var aðallega rætt um væntanlega ráðstefnu FUM 19. nóvember næstkomandi en lítillega um tímarit FUM.

1. Ráðstefnan 19. nóvember

Innkomin erindi: Farið var yfir fjölda innkominna erinda og reyndust þau um 40 talsins auk þess sem fjórir hópar komu með tillögur að málstofum. Voru fundarmenn mjög ánægðir með þessa góðu þátttöku. Þar sem erindin eru svona mörg og ráðstefnan er haldin á einum degi var samþykkt að dreifa þeim yfir allan ráðstefnudaginn og hafa þá aðeins einn eða engan aðalfyrirlesara. Á síðustu FUM ráðstefnu voru tveir aðalfyrirlesarar fyrir hádegi, en málstofur með erindum eftir hádegi, 6 í gangi samtímis. Hafþór tók að sér að sameina gögn um innkomin erindi í eina samfellda tölvuskra, til flokkunar í málstofur á næsta fundi Ráðstefnunefndar.

Umræða um þema og aðalfyrirlesara: Hafþóri var falið að fá nánari upplýsingar um væntanlegan aðalfyrirlesara á opnunarfundum hjá Samtökum um þróun skóla en sá fundur er haldinn daginn fyrir FUM ráðstefnuna. Ragnar stakk upp á að kanna hvort við gætum fengið Allison Woolf, Institute of Education, University of London sem fyrirlesara (skrifaði bók sem heitir *Does Education Matter*). Ragnar tók að sér að kanna þann möguleika betur.

Ráðstefnunefnd: Á þessu stigi er gert ráð fyrir að nefndina skipi stjórnarmenn FUM fyrir utan Ragnar. Hafþór og Þórdís ætla að sjá um að fá nemendur til starfa á ráðstefnudaginn, til að aðstoða við ljósritun, taka við ráðstefnugjöldum og fleira.

Annað almennt ráðstefnukall með auglýstum aðalfyrirlesurum. Ákveðið var að hafa ekki annað ráðstefnukall, þar sem svo mörg erindi eru þegar komin inn. Fleiri erindi myndu kalla á 2 daga ráðstefnu.

Öðru sem heyrði undir dagskrá þessa liðar var frestað til fundar ráðstefnunefndar, þ.e. vinnu að tímaáætlun, skipulagningu og fjármálum.

2. Tímaritið

Búið er að framlengja frestinn til að skila inn greinum til 15. september. Ragnar veit um nokkrar greinar sem munu koma inn. Aðeins var rætt um formið á ritinu og lýstu fundarmenn ánægju með þá hugmynd að þar yrðu “pólitískir” pistlar. Það er komið á hreint að fyrir birtingu greina í ritinu fást 10 punktar.

Jóhanna Rósa ætlar að fara með 10 eintök af síðasta riti í Mál og menningu. Hafþór ætlar að koma tímaritinu bóksölu KHÍ.

Boðaður er fundur í Ráðstefnunefnd mánudaginn 19. september kl. 15 í fundarherbergi í Odda.

Fundi slitið 18:30.